

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Sigríður Svana Helgadóttir
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 20. júní 2018
2018060011/42-0
TB
jgo/tb

Forkaupsréttur að hluta Svefneyja í Reykhólahreppi

Vísað er til bréfs frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 5. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi Páls Ingólfssonar um að ríkissjóður falli frá forkaupsrétti á 25% hluta af Svefneyjum í Reykhólahreppi en svæðið er verndað samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og telur stofnunin ekki nauðsynlegt að nýta sér forkaupsrétt að 25% hluta Svefneyja. Náttúrufræðistofnun telur hins vegar að ríkið eigi alls ekki að falla frá forkaupsrétti til framtíðar, því forsendur geta breyst, og verði forkaupsréttur ríkisins því áfram þinglýstur hluti af söluferlinu. Náttúrufræðistofnun gerir ráð fyrir að sala á hluta af Svefneyjum breyti engu hvað varðar lög um vernd Breiðafjarðar og verndarstöðu eyjanna.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

